

Stefnir - Kjarabréf
Útboðslýsing

Stefnir hf.
Júní 2012

EFNISYFIRLIT

YFIRLÝSING	3
YFIRLÝSING REKSTRARAÐILA	3
HELSTU ATRÍÐI ÚR ÚTBOÐSLÝSINGU	4
UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN	5
STARFSEMI.....	5
<i>Rekstrarfélagið</i>	5
<i>Vörslufyrirtæki</i>	6
<i>Söluaðili</i>	7
<i>Endurskoðandi</i>	7
FJÁRFESTINGARSTEFNA	7
ÁHÆTTA.....	8
<i>Almennt</i>	8
<i>Áhætta tengd fjármálagerningum</i>	8
<i>Afleiðunotkun</i>	9
<i>Aðrar áhættur tengdar fjárfestingu í sjóðnum</i>	9
FYRRI ÁRANGUR	10
RÉTTINDI EIGENDA HLUTDEILDARSKÍRTEINA.....	10
KAUP OG SALA HLUTDEILDARSKÍRTEINA	11
SÖLUGENGI OG INNLAUSNARVIRÐI.....	11
ÁRSREIKNINGUR OG HÁLFSÁRSUPPGJÖR	11
SKATTAMÁL.....	12
REKSTRARKOSTNAÐUR OG ÞÓKNANIR.....	12
SLIT SJÓÐSINS	12
VERKEFNI SEM HEIMILAÐ HEFUR VERIÐ AÐ ÚTVISTA	13
HEILDARKOSTNAÐARHLUTFALL	13
VELTUHLUTFALL	14
VIÐAUKAR	15
VIÐAUKI I: REGLUR STEFNIS - KJARABRÉFA.....	15
VIÐAUKI II: SAMÞYKKTIR STEFNIS HF.....	18
VIÐAUKI III: UM FJÁRFESTINGARHEIMILDIR VERÐBRÉFASJÓÐA	22
VIÐAUKI IV: YFIRLIT YFIR SJÓÐI.....	26

YFIRLÝSING***Yfirlýsing rekstraraðila***

Útboðslýsing þessi er gerð til að koma á framfæri upplýsingum, sem fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að geta myndað sér skoðun á fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum Stefnis - Kjarabréfa.

Sjóðurinn er rekinn af Stefni hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Stefnir hf. lýsir því hér með yfir, að útboðslýsing þessi er gerð eftir bestu vitund, í fullu samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt er gæti haft áhrif á mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsins.

Reykjavík, 20. júní 2012.



Flóki Halldórsson
framkvæmdastjóri
Stefnis hf.

HELSTU ATRÍÐI ÚR ÚTBOÐSLÝSINGU

Almennt	Sjóðurinn Stefnir - Kjarabréf er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Verðbréfasjóðir hafa takmarkaðri fjárfestingarheimildir en fjárfestingarsjóðir. Fjárfestingarheimildir sjóðsins koma fram undir fjárfestingarstefnuhluta útboðslýsingarinnar.
Starfsemi	Sjóðurinn fjárfestir í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt gildandi fjárfestingarstefnu sjóðsins. Vakin er athygli á því að lokað hefur verið fyrir kaup á hlutdeildarskírteinum í sjóðnum. Einungis er hægt að innleysa hlutdeildarskírteini á viðskiptatíma sjóðsins.
Rekstrarfélag	Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
Vörslufyrirtæki	Verdis hf. (áður Arion verðbréfavarsla), kt. 470502-4520, Ármúla 13, 108 Reykjavík.
Söluaðili	Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartún 19, 105 Reykjavík.
Kaup- og sölugengi	Gengi hlutdeildarskírteina sjóðsins mun breytast á sölutímabilinu í samræmi við breytingar á gengi verðbréfa og annarra fjármálagerninga sem sjóðurinn á hverju sinni. Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir á innlausnardegi ef umsóknir berast fyrir klukkan 14:30. Uppgjör sjóðsins miðast við T+1, þ.e.a.s. það á sér stað næsta virka dag eftir að fyrirmæli berast.
Arðgreiðslur	Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.
Fjárhæð	Lágmarksfjárfesting í sjóðnum er kr. 10.000 að söluverði en kr. 5.000 að söluverði í áskrift.
Réttindi	Allir, sem eiga hlutdeildarskírteini að sjóðnum eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína.

Vakin er athygli á því að lokað hefur verið fyrir kaup á hlutdeildarskírteinum í sjóðnum. Einungis er hægt að innleysa hlutdeildarskírteini á viðskiptatíma sjóðsins.

Athygli fjárfesta er vakin á því að öll viðskipti með fjármálagerninga, þ.m.t. hlutdeildarskírteini sjóðsins, eru áhættusöm. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina rýrnað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti.

Með setningu laga nr. 55/2011 voru gerðar breytingar til bráðabirgða á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, með síðari breytingum. Samkvæmt 5. tl. 16. mgr. ákvæðis laganna til bráðabirgða er tryggingavernd innstæðna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða afnumin. Í lögnum kemur fram að *með innstæðu er átt við inneign á reikningi í eigu viðskiptamanns hjá innlánsstofnun, að meðtöldum áföllnum vöxtum og verðbótum, og millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi, sem innlánsstofnun ber að endurgreiða samkvæmt lögum og umsömdum skilmálum, og hlutdeild viðskiptamanns í reikningi*

innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun. Lántökur innlánsstofnunar, eiginfjárreikningar, heildsöluinnlán og safnreikningar, aðrir en reikningar innlánsleiða vörsluaðila lífeyrissparnaðar, teljast ekki til innstæðna. Nánari upplýsingar um sjóðinn er að finna á www.tryggingarsjodur.is

Vert er að benda á að samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6. október 2008 eru „*innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi tryggðar að fullu*“. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er ekki kveðið á um gildistíma. Þá kom fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þann 3. febrúar 2009 að *fyrri yfirlýsing væri í fullu gildi og að hún yrði ekki afnumin fyrr en hið nýja íslenska fjármálakerfi hefði sannað sig og þá yrði gefinn aðlögunartími*.

Bent skal á að á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sem gert er ráð fyrir að nemi lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta úr gildi. Verði það frumvarp samþykkt, eða annað slíkt, kann það að hafa í för með sér frekari breytingar á núgildandi fyrirkomulagi um innstæðutryggingar.

Hægt er að nálgast þau skjöl sem vitnað er til í útboðslýsingu þessari á starfsstöð Stefnis hf. að Borgartúni 19, á heimasíðu Stefnis og afgreiðslustöðum Arion banka.

UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN

Starfsemi

Stefnir - Kjarabréf er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði. Um verðbréfasjóði gilda aðrar reglur en um fjárfestingarsjóði samkvæmt sömu lögum að því er varðar fjárfestingarheimildir og innlausnarskyldu. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér umfjöllun um áhættu og sérstaklega kaflann um fjárfestingarheimildir sjóðsins.

Sjóðurinn starfar í einni deild.

Sjóðurinn var stofnaður í febrúar árið 1985

Útboðslýsingu þessa, útdrátt úr útboðslýsingu, reglur og reglulegar skýrslur um starfsemi sjóðsins og einblöðung sjóðsins má fá á skrifstofu Stefnis hf. að Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Þær er einnig hægt að nálgast á heimasíðu Stefnis, www.stefnir.is.

Fyrri útboðslýsing fyrir sjóðinn var gefin út þann 17. ágúst 2011. Þessi útboðslýsing er gefin út þann 20. júní 2012.

Vakin er athygli á því að lokað hefur verið fyrir kaup á hlutdeildarskírteinum í sjóðnum. Einungis er hægt að innleysa hlutdeildarskírteini á viðskiptatíma sjóðsins.

Rekstrarfélagið

Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartún 19, 105 Reykjavík (einnig nefndur „Stefnir“) fer með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 128/2011. Stefnir var stofnað þann 26. september 1996 og er útgefið hlutafé að fjárhæð 43,5 millj. kr. og er það allt greitt. Félagið er að fullu í eigu Arion banka hf. (einnig nefndur „Arion banki“ eða „bankinn“) og tengdra aðila.

Stefnir hefur fengið heimild til að stunda eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf og vörslu og stjórnun fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu, sbr. 1.-3. tl. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Stefnir hf. rekur fjölmarga sjóði um sameiginlega fjárfestingu, en yfirlit yfir þá helstu má finna í Viðauka IV.

Starfsemi félagsins felst einkum í rekstri sjóða um sameiginlega fjárfestingu og hefur á að skipa starfsfólki sem hefur sérhæft sig í stjórnun fjárfestingarsamvals sjóða um sameiginlega fjárfestingu og sérgreindra verðbréfasafna fagfjárfesta.

Stjórn Stefnis skipa Hrund Rudolfsdóttir, formaður, kt. 250369-2989, framkvæmdastjóri starfsþróunar hjá Marel Food Systems Corporate, Eggert Teitsson, kt. 190470-5129, aðstoðarframkvæmdastjóri fjármálasviðs Arion banka hf., Snjólfur Ólafsson, kt. 200454-5299, prófessor við Viðskiptafræðideild HÍ, Svava Bjarnadóttir, kt. 261064-3329, fjármálastjóri Mannvits hf. og Kristján Jóhannsson, kt. 040151-7619, lektor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Framkvæmdastjóri Stefnis er Flóki Halldórsson, kt. 291273-4329.

Rekstrarfélag verðbréfasjóða skal starfrækja fjárfestingarsjóð í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur með trúverðugleika markaðarins og hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi, sbr. 19. gr. laga nr. 128/2011.

Í 2. mgr. 54. gr. laga nr. 128/2011 segir að ef sjóður um sameiginlega fjárfestingu (eins og verðbréfasjóður) fjárfestir í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem stjórn að er beint eða með umboði af sama rekstrarfélagi, eða öðru félagi sem rekstrarfélagið tengist í gegnum sameiginlegan rekstur eða stjórnendur, eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild, er rekstrarfélagisjóðsins ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu í sjóðunum.

Vörslufyrirtæki

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Verdis hf., kt. 470502-4520, Ármúla 13, 108 Reykjavík (einnig nefnt „Verdis“). Meginstarfsemi Verdis er að starfrækja verðbréfaþjónustu skv. lögum nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti, einkum verðbréfavörslu og þjónustu henni tengda.

Stjórn Verdis skipa Finnur Sveinbjörnsson (stjórnarformaður), kt. 310158-2329, Einar Már Hjartarson, kt. 040373-4549, framkvæmdastjóri viðskiptaumsjónar Arion banka, Guðbjörg Rós Guðmundsdóttir, kt. 150466-5479, forstöðumaður á áhættustýringarsviði Arion banka og Arnar Ragnarsson, kt. 230472-4409, forstöðumaður á þróunar- og markaðssviði Arion banka. Framkvæmdastjóri Verdis er Guðrún Blöndal, kt. 270360-3869.

Stefnir hefur úthýst vörslu fjármálagerninga, uppgjóri viðskipta og fleiri verkefnum skv. 17. gr. laga nr. 128/2011 til Arion á grundvelli heimildar til slíkt skv. 1. mgr. 18. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laganna hefur útivistun verkefna skv. 17. gr. engin áhrif á ábyrgð Stefnis gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina. Stefnir getur eitt tekið ákvörðun um að skipta um vörslufyrirtæki sjóðsins. Aftur á móti er Stefni óheimilt að skipta um vörslufyrirtæki nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Lögbundin verkefni vörslufyrirtækis koma m.a. fram í 20. gr. laga nr. 128/2011. Í 1. mgr. 22. gr. laganna kemur jafnframt fram að vörslufyrirtæki beri ábyrgð gagnvart

rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna þess skv. 20. gr. laganna.

Rekstrarfélag verðbréfasjóða og vörslufyrirtæki skulu vera óháð í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 128/2011.

Söluaðili

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 128/2011 hefur rekstrarfélag sjóðsins fengið samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að útvista markaðssetningu sjóðsins til Arion banka hf. Bankinn annast þjónustu við þá sem fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milligöngu um útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina.

Endurskoðandi

Endurskoðandi sjóðsins og rekstrarfélagsins er Ernst & Young ehf, kt 520902-2010 Borgartúni 30, 105 Reykjavík. Fyrir hönd Ernst & Young ehf. fer Margrét Pétursdóttir, löggiltur endurskoðandi, kt. 010168-3769, með endurskoðun sjóðsins.

Fjárfestingarstefna

Markmið með útgáfu Stefnis - Kjarabréfa er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu með því að fjárfesta í skuldabréfum og víxlum. Sjóðurinn mun leitast við að fjárfesta í skráðum skuldabréfum en eignir sjóðsins í óskráðum víxlum og skuldabréfum mega nema allt að 10% af heildareignum hans.

Lokað hefur verið fyrir kaup í sjóðnum frá árinu 2003 en opið er fyrir innlausnir. Sjóðurinn er ekki í slitiferli.

Sjóðnum er heimilt að nýta sér heimild 38. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði til þess að fjárfesta umfram 35% og allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins.

Í samræmi við lög nr. 128/2011 hefur sjóðurinn heimild til að binda fé sitt í afleiðum svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingartakmarkana sem um sjóðinn gilda, sbr. einkum 5. og 6. tölul. 30. gr., 34. gr. og 42. gr. laganna. Markmið viðskipta með afleiður er annars vegar að draga úr áhættu sjóðsins, s.s. endurfjárfestingaráhættu og vaxtaáhættu, og hins vegar að framfylgja fjárfestingarstefnu sjóðsins með stöðutöku í undirliggjandi fjármálagerningi viðkomandi afleiðu. Sjóðurinn getur nýtt sér kosti framvirkra samninga, valréttá eða skiptasamninga.

Kjarabréf eru verðbréfasjóður og takmarkast fjárfestingarheimildir sjóðsins við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og fjárfestingarheimildum verðbréfasjóða skv. lögum nr. 128/2011 að öðru leyti.

Sundurliðun fjárfestinga Stefnis - Kjarabréfa

	%
Skráð skuldabréf, víxlar og aðrar skuldaviðurkenningar	50-100%
Óskráð innlend skuldabréf og víxlar	0-10%
Innlán fjármálafyrirtækja	0-20%
Peningamarkaðsskjöl	0-20%
Aðrir fjármálagerningar en getið er um að ofan, þ.m.t. afleiður	0-10%

Áhætta

Almennt

Sjóðurinn er ætlaður almenningi sem og fagfjárfestum, s.s. lífeyrissjóðum og fyrirtækjum, sem velja sér fjárfestingakosti sem fela í sér sjóði um sameiginlega fjárfestingu með dreifðu eignasafni verðbréfa og öðrum fjármálagerningum í rekstri og umsjón fagaðila skv. lögum og eftirliti sem um slíkan sjóð gildir á hverjum tíma. Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði öruggari en þegar keypt eru einstök verðbréf þar sem sjóðir dreifa áhættu fjárfesta með kaupum á fleiri en einum flokki verðbréfa.

Öll viðskipti með fjármálagerninga, þ.m.t. hlutdeildarskírteini sjóðsins, eru áhættusöm. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina rýrnað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti.

Sveiflur í ávöxtun

Stefnir hf. hefur skipt sjóðum, sem það rekur í sjö flokka eftir sögulegum sveiflum í ávöxtun þeirra. Flokkur 1 ber minnstu sveiflurnar í ávöxtun en flokkur 7 mestu sveiflurnar. Flokkun sjóðs getur breyst ef sveiflur undirliggjandi fjármálagerninga breytast.

Flokkunin byggir á staðalfráviki sögulegrar ávöxtunar sem er mælikvarði á sveiflur í ávöxtun. Um er að ræða vikulega ávöxtun sjóða. Niðurstöður staðalfráviksins gefa ákveðin öryggismörk sem leiða til flokka 1 til 7. Flokkur 1 endurspeglar því útreiknað staðalfrávik ávöxtunar á bilinu 0,00%-0,40% á viku, flokkur 2: 0,41%-0,80%, flokkur 3: 0,81%-1,30%, flokkur 4: 1,31%-1,80%, flokkur 5: 1,81%-2,30%, flokkur 6: 2,31%-3,0% og flokkur 7: $\geq 3,01\%$.

Mælikvarðinn byggist eingöngu á sögulegum sveiflum í ávöxtun. Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð. Flokkunin tekur t.a.m. ekki mið af hugsanlegu greiðslufalli útgefanda fjármálagernings, sem sjóðurinn hefur fjárfest í, né á öðrum áhættuþáttum. Flokkun sjóða út frá sveiflum í ávöxtun endurspeglar ekki alla þá áhættu sem felst í fjárfestingu sjóða. Það ber því að taka flokkun sjóða með þeim fyrirvörum sem nefndir eru hér að ofan.

Áhættulýsing Stefnis - Kjarabréfa

Sveiflur í ávöxtun	3 af 7.
Fjármálagerningar	Skuldabréf með skamman, millilangan og langan meðaltíma.
Sveiflur í ávöxtun	Geta verið miklar, fer eftir meðallíftíma sjóðsins.
Fjárfestingartími	Sjóðurinn er lokaður en núverandi hlutdeildarskírteinishafar geta innleyst hlutdeildarskírteini sín á opnunartíma hans.

Áhætta tengd fjármálagerningum

Margvísleg atriði geta valdið verðlækkun á fjármálagerningum sem sjóðurinn hefur fjárfest í og þar með á gengi hlutdeildarskírteina í sjóðnum, s.s. ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis haft áhrif á gengi hlutdeildarskírteina, s.s. breytingar á skattalögum eða á lögum um auðlindargjald í sjávarútvegi. Þá má og geta svokallaðrar seljanleikaáhættu, þ.e. áhættan á að ekki reynist unnt að selja verðbréf þegar vilji stendur til. Áhættan birtist bæði með þeim hætti að markaðurinn geti ekki tekið við því magni sem til stendur að selja þar sem kaupendur

vantar, en einnig er verðmyndun oft með þeim hætti að verulegur munur er á kaup- og sölugengi og því næst ekki sá árangur við sölu sem vænst hafði verið. Því dreifðara sem safn verðbréfa er, því minni áhætta er almennt talin fólgin í því.

Afleiðunotkun

Sjóðurinn hefur heimild til að binda fé sitt í afleiðum samkvæmt þeim skilyrðum sem sett erum samkvæmt lögum nr. 128/2011, sbr. einkum 5. og 6. tl. 30. gr., 34. gr., og 42. gr. laganna. Viðskipti með afleiður geta dregið úr áhættu sjóðsins, s.s. endurfjárfestingar- og vaxtaáhættu. Viðskiptin geta einnig virkað á svipaðan hátt og stöðutaka í viðkomandi fjármálagerningi og þannig aukið áhættu sjóðsins.


Afleiður sjóðsins geta verið í formi framvirkra samninga, valréttar eða skiptasamninga. Í tilviki framvirkra samninga skuldbindur sjóðurinn sig til þess að eiga viðskipti með fjármálagerninga á fyrirfram ákveðnu verði og tíma í framtíðinni. Þannig myndast skuldbinding í sjóðnum vegna þessara framtíðar viðskipta. Verðmæti framvirka samningsins sveiflast svo með breytingu á gengi undirliggjandi eignar og hefur þannig áhrif á innra virði sjóðsins. Í tilviki valréttar kaupir eða selur sjóðurinn rétt til þess að eiga viðskipti með fjármálagerninga á fyrirfram ákveðnu verði og tíma í framtíðinni. Kaupi sjóðurinn valrétt takmarkast áhætta sjóðsins við það verð sem hann greiddi fyrir valréttinn. Selji hann hins vegar valrétt, fær hann greitt fyrir söluna en skuldbindur sig jafnframt til að eiga viðskipti með undirliggjandi fjármálagerninga skv. skilmálum valréttarins. Þegar átt er við skiptasamninga, þá er einna helst átt við vaxtaskiptasamninga og gjaldmiðlaskiptasamninga. Vaxtaskiptasamningar kveða á um skipti á vaxtagreiðslum af höfuðstólum í sama gjaldmiðli en gjaldmiðlaskiptasamningar kveða á um skipti á höfuðstól og/eða vaxtagreiðslum í tveimur mismunandi gjaldmiðlum

Aðrar áhættur tengdar fjárfestingu í sjóðnum

1. *Markaðsáhætta* vísar til þeirra áhrifa sem hugsanlegar breytingar á gengi fjármálagerninga getur haft á gengi sjóðsins. Fjármálagerningar í eðli sínu sveiflast í verði og getur gengi þeirra bæði hækkað sem og lækkað sem skilar sér í markaðsáhættu fyrir sjóðsfélaga.
2. *Greiðsluáhætta*. Þar sem sjóðurinn mun kaupa og selja fjármálagerninga af þriðja aðila er sú hættu fyrir hendi að kaupandi greiði ekki fyrir seld bréf eða að seljandi afhendi ekki bréf sem sjóðurinn hefur keypt.
3. *Vörslu- og uppgjörshætta*. Rekstrarfélag sjóðsins felur vörslufyrirtæki vörslu allra fjármálagerninga sjóðsins. Sú áhætta er fyrir hendi að slíkir fjármálagerningar glatist vegna gjaldþrots vörsluaðila, vanrækslu vörsluaðila, misnotkun hans eða svika. Sú hættu er einnig fyrir hendi að mistök eigi sér stað við uppgjör sjóðsins.
4. *Frammistöðuáhætta*. Markmið sjóðsins er að ná betri árangri en fyrirfram skilgreind viðmiðunarvísitala. Þar sem stýring sjóðsins telst virk getur árangur sjóðsins verið betri eða verri en áður nefnd viðmiðunarvísitala og felur það í sér frammistöðuáhættu.
5. *Áhætta höfuðstóls*. Fjármálagerningar í eðli sínu geta sveiflast í verði og höfuðstóll getur því rýrnað yfir skemmri eða lengri tíma vegna sveiflna á þeim fjármálagerningum sem sjóðurinn er fjárfestur í á hverjum tíma.
6. *Ytri ástæður* á borð við stríð, hryðjuverk og stjórnmálalegan óstöðugleika eða annað því tengt geta haft áhrif á gengi fjármálagerninga og telst því áhættuþáttur fyrir sjóðsfélaga.
7. *Útlánaáhætta*. Þar sem tiltekinn hluti eigna sjóðsins er ávallt í innlánum fjármálafyrirtækis, eins eða fleiri, veltur greiðsla innlána á greiðslugetu viðkomandi fjármálafyrirtækis/fjármálafyrirtækja.

Fyrri árangur

Ávöxtun Stefnis - Kjarabréfa má sjá á myndritinu fyrir neðan.



Vakin er athygli á því að ávöxtun í fortíð er ekki áreiðanleg vísbending um ávöxtun í framtíð.

Ávöxtun sjóðsins reiknast út frá gengi sjóðsins og liggur fyrir í lok tímabils og er háð þróun verðs á fjármálagerningum.

Áskriftar-/innlausnargjöld eru ekki innifalinn í útreikningi á ávöxtun.

Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina

Þeir sem fá sjóðnum fjármuni fá í hendur kvittun fyrir kaupum á hlutdeildarskírteinum sem staðfestir að lágmarki, kaupdag, fjölda eininga og kaupverð. Þeir sem þess óska fá í hendur hlutdeildarskírteini, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 128/2011. Á hlutdeildarskírteini verður getið nafn sjóðsins, rekstrarfélags, nafn og kennitölu upphaflegs eiganda skírteinis og númer þess. Auk þess verða upplýsingar um hvernig hlutdeildarskírteini verða innleyst, hvaða reglur gilda um arðgreiðslur auk nafns og kennitölu framsalshafa, hafi skírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess. Hlutdeildarskírteini skulu vera dagsett og undirrituð af stjórn rekrarfélags sjóðsins eða þeim sem hún hefur gefið umboð til þess. Nafnritunin má vera prentuð eða sett fram á annan sambærilegan hátt.

Allir, sem eiga hlutdeild í sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna í hlutfalli við eign sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á hlutdeild til verðbréfaeignar sjóðsins.

Stefnir hf. fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og getur gert breytingar á reglum hans. Breytingar á reglum sjóðsins öðlast þó ekki gildi fyrir en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Tilkynna ber eigendum hlutdeildarskírteina um sérhverja breytingu á reglum sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 128/2011. Tillaga um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði skal fara eftir reglum sjóðsins.

Kaup og sala hlutdeildarskírteina

Lokað hefur verið fyrir kaup á hlutdeildarskírteinum í sjóðnum. Einungis er hægt að innleysa hlutdeildarskírteini á viðskiptatíma sjóðsins.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi. Lokunartíminn er kl. 14:30 og uppgjör sjóðsins vegna sölu miðast við T+1, þ.e.a.s. það á sér stað næsta virka dag eftir að fyrirmæli um sölu hlutdeildarskírteina koma til innlausnaraðila. Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 128/2011 uppfyllt.

Sölugengi og innlausnarvirði

Sölugengi breytist í samræmi við breytingar á markaðsaðstæðum, enda grundvallast gengi hlutdeildarskírteina í sjóðnum á verðmæti þeirra verðbréfa sem sjóðurinn fjárfestir í. Slíkar breytingar mun Arion banki hf. birta jafnharðan í afgreiðslustöðum bankans.

Verdis annast skráningu á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins. Varðandi illseljanlegar eignir, skráðar sem óskráðar, hefur sérstök verðmatsnefnd umsjón með verðmati á slíkum eignum í samvinnu við Verdis.

Innlausnarverð hlutdeildarskírteina fer eftir þeim lagareglum sem gilda um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða hverju sinni. Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því gengi sem gildir á þeim degi þegar fyrirmæli um kaup eða sölu hlutdeildarskírteina eru móttækin af söluaðila sjóðsins, svo lengi sem slík fyrirmæli eru gefin fyrir lokunartíma sjóðsins. Að öðrum kosti verða hlutdeildarskírteinin innleyst á gengi næsta virka dags. Lokunartími sjóðsins er í samræmi við það sem fram kemur í útboðslýsingu sjóðsins. Uppgjör sjóðsins vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina er T+1, þ.e.a.s. uppgjörið á sér stað daginn eftir að fyrirmæli um kaup eða sölu hlutdeildarskírteina eru gerð, svo lengi sem slík fyrirmæli eru gefin fyrir lokunartíma sjóðsins, en að öðrum kosti verða hlutdeildarskírteinin innleyst næsta virka dag þar á eftir.

Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn eininga í sjóðnum.

Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 128/2011 uppfyllt. Um slíkar aðstæður má nefna hrun á fjármálamörkuðum, óvissu um gengi undirliggjandi fjármálagerninga eða aðrar slíkar aðstæður, svo og önnur óvænt og ófyrirséð atvik er kunna að ógna hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa.

Sölu- og innlausnarverð hlutdeildarskírteina í sjóðnum er reiknað daglega. Uppreiknuð verðgildi birtast á sjóðasíðu Arion banka hf. www.arionbanki.is/sjodir

Ársreikningur og hálfársuppgjör

Endurskoðaður ársreikningur Stefnis hf. ásamt ársskýrslu skal vera aðgengilegur hlutdeildarskírteinishöfum innan 10 daga frá undirritun og eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs, sem er frá 1. janúar til 31. desember. Hálfársuppgjör sjóðsins skal enn fremur liggja frammi á starfsstöð Stefnis í síðasta lagi 45 dögum eftir lok hvers uppgjörs til afhendingar án endurgjalds til hlutdeildarskírteinishafa. Í ársskýrslu og árshlutauppgjörum Stefnis skulu sérgreindar upplýsingar um sjóðinn.

Skattamál

Hagnaður af innlausn hlutdeildarskírteina sjóðsins er skattskyldur á Íslandi og fer um skattskyldu hagnaðar samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Verdis hf., vörslufyrirtæki Stefnis, sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti en hann reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum. Um frekari skattlagningu getur verið að ræða.

Varðandi aðila búsetta í öðrum löndum en á Íslandi er athygli vakin á að kanna hvort um sé að ræða skattlagningu umfram þá sem er á Íslandi.

Rekstrarkostnaður og þóknunir

Þóknun Stefnis hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 2,0% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 2,0% p.a.

Þóknun Verdis hf. fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins er innifalin í þóknun Stefnis hf.

Auk umsýsluþóknunar rennur sölubóknun til Arion banka hf. fyrir sölu hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Sölubóknun er að hámarki 2,0% af verðmæti hreinnar eignar á hverja einingu. Sölubóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 1,0 %. Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn eininga í sjóðnum.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í þóknun rekstrarfélagsins og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Rekstrarfélagið áskilur sér jafnframt rétt til að krefjast endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfa, kostnað vegna áskriftar að verðbréfavísitölum ef um það er að ræða, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar og póst og pappírskostnaðar og annars slíks. Gjaldfærður kostnaður vegna framangreindra liða má þó ekki verða hærri en sem nemur 0,05% af verðmæti meðaltals hreinnar eignar sjóðsins á ársgrundvelli.

Leiði sérstakar aðstæður til þess að verja þarf hagsmuni sjóðsins með aðgerðum sem fyrirsjáanlega fara umtalsvert fram úr framangreindu hlutfalli má gjaldfæra kostnað vegna þess hjá sjóðnum, enda leiði mat Stefnis til þeirrar niðurstöðu að hagsmunum sjóðfélaga sé best borgið með þeim hætti. Slík gjaldfærsla er háð tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

Slit sjóðsins

Ef samanlagt markaðsverðmæti verðbréfa og annarra fjármálagerninga sjóðsins fer undir 100.000.000 kr. skal rekstrarfélag sjóðsins kanna hvort hagstæðara sé fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóðnum sé slitið eða sameina hann öðrum sjóði. Ákvörðun um slit eða samruna sjóðsins skal tekin af stjórn rekstrarfélags sjóðsins.

Ákvörðun um samruna sjóðsins við annan sjóð skal tilkynna sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis. Ákvörðunin skal einnig auglýst í einu dagblaði. Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal m.a. hafa að geyma upplýsingar um eign hvers aðila í sjóðnum, ákvæði um skilmála samruna og dagsetningu gildistöku samrunans. Á því tímabili sem líður frá því rekstrarfélag sjóðsins sendir tilkynningu til hlutdeildarskírteinishafa og þar til samruni sjóðs tekur gildi, skal hver hlutdeildar-

skírteinishafi, sem ekki er samþykktur samruna sjóðsins við annan sjóð, hafa tækifæri til að krefjast innlausnar allra hlutdeildarskírteina sinna samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um innlausn.

Ákvörðun um slit sjóðsins skal tilkynna sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis. Ákvörðunin skal einnig auglýst í einu dagblaði. Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal m.a. hafa að geyma upplýsingar um eign hvers aðila í sjóðnum, ákvæði um skilmála slita og dagsetningu gildistöku slitanna.

Komi til slita sjóðsins skal rekstrarfélag sjóðsins koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu hvers þeirra. Rekstrarfélagi sjóðsins er heimilt að deila niður eignum sjóðsins, í heild eða að hluta, með framsali á eignum sjóðsins til hlutdeildarskírteinishafa (in kind swap). Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjors sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn rekstrarfélaginu til vörslu um eins árs tíma. Við lok þessa tímabils skulu eignir, sem ekki hefur verið gerð krafa til, faldar Arion banka hf. til vörslu, í þágu þeirra er í hlut eiga.

Verkefni sem heimilað hefur verið að útvista

Stefnir hf. hefur útvistað eftirfarandi verkefnum til Arion banka hf., með samþykki Fjármálaeftirlitsins, samkvæmt 18. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

- Útvistun áhættustýringar, annarrar en áhættustýringar safna. Þar með talið er umsjón og rekstur upplýsingakerfis, umsjón og rekstur ávöxtunaráreignings, umsjón og eftirlit með þeim atriðum sem snúa að rekstraráhættu, innra mat á frjálsri eiginfjárbindingu og aðstoð og ráðgjöf við útfærslu á ICAAP skýrslu.
- Útvistun innri endurskoðunar
- Útvistun lögfræðipjónustu
- Útvistun bókhalds- og uppgjörspjónustu
- Útvistun markaðssetningar
- Útvistun regluvörslu
- Útvistun starfsmannamála
- Útvistun upplýsingatækniþjónustu

Þá hefur eftirfarandi útvistun verkefna einnig verið samþykkt af Fjármálaeftirlitinu:

- Útvistun innri endurskoðunar, sbr. 16. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálaeftirlit og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 4/2003
- Útvistun upplýsingakerfis, sbr. 15. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 5/2003.
- Útvistun áhættustýringar

Heildarkostnaðarhlutfall

Heildarkostnaðarhlutfall (HKH) verðbréfasjóðs jafngildir hlutfalli heildarrekstrar-kostnaðar af hreinni meðaleignastöðu sjóðsins og er reiknað með eftirfarandi hætti: HKH = heildarkostnaður / meðalstærð sjóðs á tímabili.

Heildarkostnaðarlutfall Stefnis – Kjarabréfa fyrir árið 2011 er 2,0709%. Útreikningsaðferð HKH er staðfest af endurskoðanda sjóðs.

Veltuhlutfall

Veltuhlutfall verðbréfasjóðs felur í sér vísbendingar um viðskiptakostnað. Veltuhlutfall er reiknað á eftirfarandi hátt:

$$\text{Veltuhlutfall} = \frac{((\text{Kaup} + \text{Sala verðbréfa}) - (\text{Sala} + \text{Innlausn.hlutdeildarskírteina}))}{\text{Meðalstærð}} * 100$$

Veltuhlutfall Stefnis - Kjarabréfa fyrir árið 2011 er 57,868.

VIÐAUKAR**Viðauki I: Reglur Stefnis - Kjarabréfa****1. gr.****Heiti sjóðsins.**

Nafn sjóðsins er Stefni - Kjarabréf. Kennitala sjóðsins er 421009-9960

Rekstrarfélag sjóðsins er Stefni hf., kt. 700996-2479, Borgartún 19, 105 Reykjavík.

Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur ekki heimild til markaðssetningar í öðrum ríkjum en á Íslandi.

2. gr.**Fjárfestingarstefna sjóðsins.**

Markmið með útgáfu Stefnis - Kjarabréfa er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu með því að fjárfesta í skuldabréfum og víxlum. Sjóðurinn mun leitast við að fjárfesta í skráðum skuldabréfum en eignir sjóðsins í óskráðum víxlum og skuldabréfum mega nema allt að 10% af heildareignum hans.

Lokað hefur verið fyrirkaup í sjóðnum frá árinu 2003 en opið er fyrir innlausnir. Sjóðurinn er ekki í slitiferli.

Sjóðnum er heimilt að nýta sér heimild 38. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóðitil þess að fjárfesta umfram 35% og allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins.

Í samræmi við lög nr. 128/2011 hefur sjóðurinn heimild til að binda fé sitt í afleiðum svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingartakmarkana sem um sjóðinn gilda, sbr. einkum 5. og 6. tölul. 30. gr., 34. gr. og 42. gr. laganna. Markmið viðskipta með afleiður er annars vegar að draga úr áhættu sjóðsins, s.s. endurfjárfestingaráhættu og vaxtaáhættu, og hins vegar að framfylgja fjárfestingarstefnu sjóðsins með stöðutöku í undirliggjandi fjármálagerningi viðkomandi afleiðu. Sjóðurinn getur nýtt sér kosti framvirkra samninga, valréttá eða skiptasamninga.

Kjarabréf eru verðbréfasjóður og takmarkast fjárfestingarheimildir sjóðsins við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og fjárfestingarheimildum verðbréfasjóða skv. lögum nr. 128/2011 að öðru leyti.

Sundurliðun fjárfestinga Stefnis - Kjarabréfa**%**

Skráð skuldabréf, víxlar og aðrar skuldaviðurkenningar	50-100%
Óskráð innlend skuldabréf og víxlar	0-10%
Innlán fjármálafyrirtækja	0-20%
Peningamarkaðsskjöl	0-20%
Aðrir fjármálagerningar en getið er um að ofan, þ.m.t. afleiður	0-10%

3. gr.**Verkefni sjóðsins.**

Stefni hf. fer með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 128/2011 Vörslufyrirtæki sjóðsins er Verdis hf., kt. 470502-2450, Ármúla 13, 108 Reykjavík. Stefni hf. er óheimilt að skipta um vörsluaðila nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Auk verðbréfavörslu sinnir Verdis hf. ýmsum öðrum verkefnum í rekstri sjóðsins. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 128/2011 hefur rekstrarfélag sjóðsins fengið samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að útvista til Verdis hf. ýmsum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins, s.s. að annast mat á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins. Varðandi illseljanlegar eignir, skráðar sem óskráðar, hefur sérstök verðmatsnefnd Stefnis umsjón með verðmæti á slíkum eignum í samvinnu við Verdis. Samkvæmt sömu lagaheimild viðheldur Verdis hf. skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina, annast útreikninga á innlausnarvirði sjóðsins og annast vörslu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 128/2011 hefur útvistun á framangreindum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins engin áhrif á ábyrgð félagsins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina.

Verdis hf. annast og ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjöri sjóðsins í samræmi við samþykktir sjóðsins, lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og bókhaldslög. Verdis hf. sér um að útbúa og senda efnahags- og rekstrarreikninga skv. lögum til endurskoðanda. Jafnframt skal Verdis hf. senda skýrslu til Seðlabanka Íslands og skýrslu til Fjármálaeftirlitsins reglulega í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru vegna þeirra sjóða sem um ræðir. Aðrar skýrslugjafir til opinberra aðila vegna sjóðsins er jafnframt í höndum Verdis hf. ef efnið varðar þá þætti sem Verdis hf. hefur tekið að sér samkvæmt samningnum.

Í lok hvers mánaðar sér Verdis hf. um að greiða eignastýringar- og vörsluþóknun fyrir sjóðina. Mánaðarlegt uppgjör sjóðanna, uppgjör til endurskoðenda, skýrslur til utanaðkomandi eftirlitsaðila og viðskiptamanna skal borið undir framkvæmdastjóra Stefnis hf. til umsagnar.

Arion banki hf. er söluaðili sjóðsins og annast þjónustu við þá sem fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milligöngu um útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina. Arion banki hf. annast markaðssetningu og sölu hlutdeildarskírteina að öðru leyti.

Stefnir rekur fjölmarga verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði. Félagið hefur gert samninga um þjónustukaup, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Slíkir samningar geta leitt til þess að afsláttur sé veittur af keyptri vöru eða þjónustu, sem viðskiptavinur og Stefnir skipta með sér. Slíkir samningar eru til hagsbóta fyrir sjóðina og þar af leiðandi fyrir hlutdeildarskírteinishafa þeirra. Afslættir eru misjafnir milli fyrirtækja og fara iðulega eftir því hversu mikla fjármuni er um að ræða í fjárfestingu hverju sinni.

Frekari upplýsingar um framangreint er að fá hjá Stefni hf. Um verkefni sjóðsins fer nánar skv. samningum Stefnis hf. og viðkomandi aðila.

4. gr. Þóknanir.

Þóknun Stefnis hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 2,0% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 2,0% p.a.

Þóknun Verdis hf. fyrir umsjón og vörslu fjármálagerna sjóðsins er innifalin í þóknun Stefnis hf.

Auk umsýsluþóknunar rennur söluþóknun til Arion banka hf. fyrir sölu hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Söluþóknun er að hámarki 2,0% af verðmæti hreinnar eignar á hverja einingu. Söluþóknun endurspeglar í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 1,0%. Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn eininga í sjóðnum.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í þóknun rekstrarfélagsins og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Rekstrarfélagið áskilur sér jafnframt rétt til að krefjast endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eiganstýringarkerfa, kostnað vegna áskriftar að verðbréfavísitölum ef um það er að ræða, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar og póst og pappírskostnaðar og annars slíks. Gjaldfærður kostnaður vegna framangreindra liða má þó ekki verða hærri en sem nemur 0,05% af verðmæti meðaltals hreinnar eignar sjóðsins á ársgrundvelli.

Leiði sérstakar aðstæður til þess að verja þarf hagsmuni sjóðsins með aðgerðum sem fyrirsjáanlega fara umtalsvert fram úr framangreindu hlutfalli má gjaldfæra kostnað vegna þess hjá sjóðnum, enda leiði mat Stefnis til þeirrar niðurstöðu að hagsmunum sjóðfélaga sé best borgið með þeim hætti. Slík gjaldfærsla er háð tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

5. gr. Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína.

Hlutdeildarskírteini verða gefin út til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því. Hlutdeildarskírteini verða send þeim sem þess óska í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun. Hlutdeildarskírteini sjóðsins verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi. Lokunartíminn er kl. 14:30 og uppgjör sjóðsins vegna kaupa og sölu miðast við T+1, þ.e.a.s. það á sér stað næsta virka dag eftir að fyrirmæli um kaup eða sölu hlutdeildarskírteina koma til innlausnaraðila.

Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 128/2011 uppfyllt.

6. gr.

Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

7. gr.

Útreikningur á innlausnarvirði hlutar.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðinn er markaðsvirði samanlagðra eigna viðkomandi deildar að frádregnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefna og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

8. gr.

Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.

Ef samanlagt markaðsverðmæti verðbréfa og annarra fjármálagerninga sjóðsins fer undir 100.000.000 kr. skal stjórn rekstrarfélags sjóðsins kanna sérstaklega hvort hagstæðara sé fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóðnum sé slitið. Ákvörðun um slit og sjóðsins skal tekin af Stefni hf. Þá tekur Stefni hf. ákvörðun um samruna sjóðsins við aðra sjóði, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblöðum.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og/eða samruna og tilgreinda dagsetningu gildistöku slitanna og/eða samrunans og skal sú dagsetning vera minnst þremur vikum eftir útsendingu tilkynningar.

Á því tímabili sem líður frá því rekstrarfélagið sendir út tilkynningu og þar til samruni sjóðs tekur gildi, skulu hlutdeildarskírteinishafar sem ekki eru samþykkir samrunanum hafa tækifæri til að krefjast innlausnar allra hlutdeildarskírteina sinna samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um innlausn.

Komi til slita sjóðsins skal Stefni hf. koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu þeirra. Stefni hf. er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (in kind), á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjör sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn Stefni hf. til vörslu um sex mánaða tíma. Við lok þessa tímabils skulu eignir sem ekki hefur verið gerð krafa til, faldar Arion banka hf. til vörslu, í þágu þeirra er í hlut eiga.

Reykjavík 29. september 2003,
með breytingum gerðum 11. mars 2008,
4. janúar 2010 og 25. janúar 2011 og 18. janúar 2012.

Viðauki II: Samþykktir Stefnis hf.**Samþykktir fyrir
Stefni hf.****I. kafli****Heiti félagsins, heimilisfang og tilgangur****1. gr.**

Félagið heitir Stefnir hf. Erlent aukheiti félagsins er Stefnir Asset Management Company hf.

2. gr.

Heimilisfang félagsins og varnarþing er að Borgartúni 19 í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er hvers konar daglegur rekstur verðbréfa- og fjárfestingarsjóða skv. II. og III. kafla laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sbr. 7. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Tilgangur félagsins er jafnframt eignastýring, fjárfestingarráðgjöf og varsla og stjórnun fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu skv. 7. tl. 1. mgr. 4. gr., sbr. c-lið 6. tl. 1. mgr. 3. gr. og 1.-3. tl. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Einnig rekstur sá sem nauðsynlegur er fyrir tilgang félagsins.

II. kafli**Um hlutafé****4. gr.**

Hlutafé félagsins er krónur 43.500.000 –krónur fjörftuogþrjármilljónirog fimmhundraðþúsund ⁰⁰/₁₀₀– og skiptist það í jafnmarga hluti. Hver hlutur er að fjárhæð krónur 1, –krónur ein– að nafnverði. Heimilt er að gefa út eitt hlutabréf til hvers hluthafa.

Hluthafafundur getur einn tekið ákvörðun um hækkun eða lækkun hlutafjár.

5. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar eru ekki skyldir að þola innlausn á hlutum sínum nema lög standi til annars.

6. gr.

Engar hömlur ríkja að því er varðar sölu eða annað framsal hluta í félaginu. Hluthafar eiga þó rétt til nýrra hluta í félaginu. Félaginu er óheimilt að kaupa eigin hluti nema að því marki sem lög leyfa. Félagið má ekki veita lán út á hluti sína.

Eigendaskipti að hlutabréfi, hvort sem verður fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal ávallt tilkynna skrifstofu félagsins jafnskjótt og þau fara fram og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.

Sá sem eignast hlutabréf í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutum. Þó öðlast menn eigi atkvæðisrétt fyrir en að liðnum 14 dögum frá því að nafn þeirra var skráð í hlutaskrána.

Framsöl hluta skulu ávallt rituð á hlutabréfin.

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Skal arð á hverjum tíma svo og jöfnunarhlutabréf, fundarboð og tilkynningar allar, senda til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi

viðkomandi hlutabréfa í hlutaskrá félagsins. Ber það enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna því eigenda- eða aðsetursskipti.

Heimild er að ógilda glötuð hlutabréf án dóms samkvæmt 8. mgr. 27. gr. laga nr. 2/1995.

Efnisatriði þessarar greinar skal prenta á hvert hlutabréf.

III. kafli

Um starfsemi og stjórn félagsins

A. Hluthafafundir

7. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt á hluthafafundum. Hver hlutur veitir atkvæðisrétt. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum nema öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum.

Aðalfund skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Til aðal- eða aukafundar skal boða með bréfi til hluthafa með skemmst tveggja vikna fyrirvara, en lengst fjögurra vikna fyrirvara.

8. gr.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar eigi síðar en tíu sólarhringum fyrir upphaf fundar.

Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Viku fyrir hluthafafund skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur, ársskýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda, sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa, sem þess óskar.

Fulltrúum sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem félagið rekur er heimilt að sækja hluthafafundi.

9. gr.

Á hluthafafundum fylgir 1 atkvæði hverri krónu í hlutafé.

10. gr.

Á aðalfundi félagsins skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið ár.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
5. Kosning stjórnar félagsins.
6. Kosning endurskoðanda.
7. Tillögu félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnar fyrir næsta kjörtímabil.
9. Önnur mál löglega upp borin.

B. Félagsstjórn**11. gr.**

Stjórn félagsins skipa fimm einstaklingar og jafnmargir til vara. Stjórnin skal kosin á aðalfundi ár hvert. Aðalmenn skulu kosnir fyrst en varamenn síðan.

Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum.

Stjórnarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að atla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði fyrirtækið.

12. gr.

Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi. Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim.

Fundi skal og halda ef einhver stjórnarmanna, endurskoðandi eða framkvæmdastjóri krefst þess. Heimilt er stjórnarmönnum að taka þátt í fundi með aðstoð rafrænna miðla.

Fundir stjórnar eru lögmætir ef til fundarins er boðað í samræmi við samþykktir og að minnsta kosti þrír stjórnarmenn sækja fund eða taka þátt í fundinum með aðstoð rafrænna miðla. Til gildrar samþykktar fundarins þarf að minnsta kosti meirihluta atkvæða. Það sem gerist á stjórnarfundum skal bókað í sérstaka gerðarbók.

13. gr.

Stjórn félagsins fer með málefni félagsins, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum þessum.

Verkefni hennar eru meðal annars:

1. Að hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins. Henni ber að hafa eftirlit með rekstri þess, sérstaklega bókhaldi og fjárreiðum, í samræmi við lög og samþykktir.
2. Að staðfesta höfuðþætti í stjórnskipulagi félagsins.
3. Að ráða framkvæmdastjóra og ákveða ráðningarkjör hans.
4. Að eiga aðild að samningum um launakjör starfsmanna og réttarstöðu þeirra gagnvart félaginu.
5. Að taka stefnumarkandi og meiriháttar ákvarðanir er varða hag, fjárfestingar og starfsemi félagsins.
6. Að gera tillögu til aðalfundar um ráðstöfun tekjuafgangs samkvæmt ársreikningi.
7. Að annast önnur þau verkefni sem ákveðin eru í lögum, þ.á m. að halda hlutaskrá um hluthafa.

14. gr.

Stjórn félagsins hefur heimild til að skuldbinda það og er undirskrift meirihluta stjórnarmanna nægileg.

C. Framkvæmdastjóri**15. gr.**

Framkvæmdastjóri skal vera búsettur hér á landi. Um hæfi framkvæmdastjóra fer að lögum.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins. Framkvæmdastjóra ber að sjá um að reksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum, samþykktum þessum og ákvörðunum stjórnar.

Framkvæmdastjóra er óheimilt, nema að fengnu leyfi Fjármálaeftirlitsins, að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja.

IV. kafli

Ársreikningar og endurskoðun

16. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningurinn skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi. Endurskoðandi skal kjörinn á aðalfundi félagsins. Um kjörtímabil endurskoðanda fer að lögum.

17. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmatum aðalfundi eða aukafundi með $\frac{2}{3}$ hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. $\frac{2}{3}$ hlutum af því hlutfé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum.

18. gr.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst $\frac{2}{3}$ hlutum af heildarhlutfé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild.

V. kafli

Önnur ákvæði

19. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, laga nr. 3/2006 um ársreikninga og laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Samþykktir þessar voru samþykktar á stofnfundi félagsins 26. september 1996, með áorðnum breytingum á aðalfundi 22. apríl 1998, 27. júní 2003, 1. október 2003, 8. apríl 2004, á hluthafafundi 10. desember 2007, á aðalfundi 9. júní 2009, á hluthafafundi 24. nóvember 2009, á aðalfundi 16. apríl 2010, á aðalfundi 21. mars 2011 og á aðalfundi 20. mars 2012.

Viðauki III: Um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða

Um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða er fjallað í f-kafla laganna:

„F. Fjárfestingarheimildir.

■ **30. gr. Fjármálagerningar og innlán.**

Fjárfestingarheimildir samkvæmt þessum kafla taka til verðbréfasjóðs eða, sé hann deildaskiptur skv. 12. gr., til einstakra deilda hans. Verðbréfasjóði er eingöngu heimilt að binda fé sitt í eftirtöldu:

1. Framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir,

b. ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opin almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan, og/eða

c. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opin almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.

2. Nýútgefnum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en 180 dögum frá útgáfu þeirra.

3. Hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða. Einnig er heimilt að fjárfesta í skírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu enda sýni verðbréfasjóðir fram á það með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að þeir lúti sambærilegu eftirliti og verðbréfasjóðir, samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda heimaríkis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti, vernd hlutdeildarskírteinishafa sé tryggt með sambærilegum hætti og í verðbréfasjóðum, einkum er varðar innlausnarrétt, vörslufyrirtæki, lánveitingar, lántökur og skortsölu, og gefin sé út ársskýrsla og árshlutauppgjör að minnsta kosti á sex mánaða fresti. Óheimilt er að fjárfesta í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta, samkvæmt reglum sínum, meira en 10% eigna sinna í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

4. Innlánnum fjármálaefyrirtækja sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þó er verðbréfasjóði heimilt að binda fé í innlánnum fjármálaefyrirtækja með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sýni hann fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að fjármálaefyrirtækin búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins. Innlán samkvæmt þessum tölulíð verða að vera endurgreiðanleg að kröfu innlánseiganda með að hámarki tólf mánaða binditíma.

5. Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilyrðum 1. tölul. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins.

6. Afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins. Gagnaðilar verðbréfasjóðs í slíkum afleiðuviðskiptum skulu lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Verðmæti slíkra samninga skal vera unnt að reikna daglega með áreiðanlegum hætti. Tryggt skal að hægt sé að selja slíka samninga samdægurs á raunvirði hverju sinni.

7. Peningamarkaðsgerningum sem viðskipti eru með utan skipulegra verðbréfamarkaða.

■ **31. gr. Aðrar eignir.**

Þrátt fyrir ákvæði 30. gr. er verðbréfasjóði heimilt að binda sem svarar allt að 10% af eignum sínum í óskráðum framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum.

Verðbréfasjóði er óheimilt að eiga meira en 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum á hverjum tíma, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Slíkar eignir mega þó ekki vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Verðbréfasjóður getur óskað eftir heimild Fjármálaeftirlitsins til að eiga meira en 10% í reiðufé eða seljanlegum eignum.

■ **32. gr. Yfirtaka eigna og hrávörur.**

Verðbréfasjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða

frá yfirtöku eignanna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita lengri frest sé það í þágu hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa.

Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta í hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

■ **33. gr. Eftirlit með áhættu.**

Rekstrarfélög skulu hafa yfir að ráða eftirlitskerfi sem gerir þeim kleift að vakta, meta og stýra áhættu einstakra eigna og eignasafns verðbréfasjóða á hverjum tíma. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um slíkt eftirlitskerfi.

■ **34. gr. Afleiðuviðskipti.**

Verðbréfasjóði er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

Verðbréfasjóði er heimilt að eiga viðskipti með afleiður svo fremi sem samanlögð áhætta afleiðna og undirliggjandi eigna sé undir þeim mörkum sem um getur í 35. gr. Eftirlitskerfi skv. 33. gr. skal meta með fullnægjandi hætti virði afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða.

Verðbréfasjóðir skulu gera Fjármálaeftirlitinu reglulega grein fyrir afleiðuviðskiptum sínum í því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

Viðskipti með afleiður mega ekki verða til þess að verðbréfasjóður víki frá fjárfestingarstefnu sinni eins og hún er sett fram í reglum sjóðsins og útboðslýsingu.

Ef verðbréf eða peningamarkaðsgerningur felur í sér afleiðu skal tekið mið af því þegar kröfur samkvæmt þessari grein eru uppfylltar.

■ **35. gr. Hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og innlánnum sama útgefanda.**

Verðbréfasjóði er óheimilt að binda:

1. meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda, eða

2. meira en 20% af eignum sínum í innlánnum sama fjármálafyrirtækis.

Mótaðilaáhætta vegna afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða má ekki vera umfram:

1. 10% af heildareignum sjóðs þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki utan þess sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt,

2. 5% af heildareignum sjóðs þegar mótaðili er annar en fjármálafyrirtæki skv. 1. tölul., en lýtur þó eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins. Við útreikning samtölu skal ekki litið til innlána hjá fjármálafyrirtæki eða afleiðna sem gerðar eru utan skipulegra verðbréfamarkaða þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. má heildarfjárfesting í viðskiptum við sama aðila, í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánnum og afleiðusamningum utan skipulegra verðbréfamarkaða, samtals ekki fara yfir 20% af eignum sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs. Ekki skal tekið tillit til verðbréfa samkvæmt þessari málsgrein þegar reiknuð er samtala fjárfestinga skv. 3. mgr.

Takmarkanir skv. 1.–5. mgr. er óheimilt að leggja saman. Verðbréfasjóði er því óheimilt að binda meira en 20% af eignum sínum í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánnum eða afleiðum sama útgefanda eða 35% af verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sama útgefanda, sbr. 5. mgr.

Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari grein.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstrarfélaginu eða móðurfélagi þess, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af öðrum tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

Traust verðbréf skv. 38. gr. eru undanþegin ákvæðum 8. og 9. mgr.

Um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

■ **36. gr. Vísitölusjóðir.**

Þrátt fyrir ákvæði 35. gr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta allt að 20% af eign sjóðsins í hlutabréfum eða skuldabréfum sama útgefanda ef markmið fjárfestingarstefnu samkvæmt reglum sjóðsins er að endurspegla tiltekna hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölu. Vísitalan skal hafa fullnægjandi áhættudreifingu, birt opinberlega og endurspegla viðkomandi markað með fullnægjandi hætti.

Fjármálaeftirlitið getur hækkað heimild skv. 1. mgr. í 35% ef vægi eins útgefanda í vísitölunni er meira en 20%. Fjárfesting yfir 20% er aðeins leyfð í hlutabréfum eða skuldabréfum eins útgefanda.

■ **37. gr. Peningamarkaðssjóðir.**

Fjárfestingarheimildir peningamarkaðssjóða takmarkast af 35. gr.

Peningamarkaðssjóði er eingöngu heimilt að fjárfesta í peningamarkaðsgerningum eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum, afleiðum tengdum þessum gerningum og innlánum, sbr. 4. tölul. 30. gr.

Hámarkslíftími einstakra verðbréfa skal ekki vera lengri en 397 dagar og meðallíftími eignasafns peningamarkaðssjóðs má að hámarki vera 180 dagar.

■ **38. gr. Traust verðbréf.**

Fjármálaeftirlitið getur heimilað verðbréfasjóði að binda allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum skv. 5. mgr. 35. gr. telji Fjármálaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Fjárfestingar verðbréfasjóðs skv. 1. mgr. skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Skýrt skulu koma fram í reglum verðbréfasjóðs og útboðslýsingu þau ríki, sveitarstjórnir eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréf eða peningamarkaðsgerninga sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í skv. 1. mgr.

■ **39. gr. Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.**

Verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Þó skal verðbréfasjóður ekki binda meira en 20% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum einstakra verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða.

Heildarfjárfesting verðbréfasjóðs í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóða má ekki fara yfir 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Verðbréfasjóði eða einstakri deild hans er óheimilt að fjárfesta meira en 50% af eign sinni í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða innan sama rekstrarfélags.

■ **40. gr. Takmarkanir á eignasafni.**

Verðbréfasjóði er óheimilt að eignast meira en:

1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi,
2. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefanda verðbréfa, þó aldrei umfram 25% í hverri útgáfu,
3. 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu,
4. 10% af peningamarkaðsgerningum einstakra útgefanda.

■ **41. gr. Lán og ábyrgðir.**

Verðbréfasjóði er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó heimildir skv. 30. gr. Þó er heimilt að veita verðbréfalán sem hluta af eðlilegri áhættustýringu. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um verðbréfalán verðbréfasjóða.

Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Slík lán mega ekki nema meira en svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

■ **42. gr. Skortsala.**

Verðbréfasjóði er óheimilt að selja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

■ **43. gr. Ráðstafanir til úrbóta.**

Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skal Fjármálaeftirlitinu án tafar tilkynnt um það og skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skal lögmæltu hámarki í síðasta lagi náð innan þriggja mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina.”

Um fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða gilda ofangreindar fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða með þeim undantekningum sem tilgreindar eru í 59. gr. laganna:

„59. gr. *Fjárfestingarheimildir.*

Fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða skv. 30.–43. gr. eiga við um fjárfestingar fjárfestingarsjóða með þeim undantekningum sem fram koma í 2.–7. mgr. Nýti fjárfestingarsjóður heimildir þessa ákvæðis skal þess skýrlega getið í reglum sjóðsins.

Ákvæði 3. tölul. 30. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóði er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða allt að 20% af eignum sínum.

Ákvæði 1. mgr. 31. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta án takmarkana í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum. Fjárfesting í verðbréfum eins útgefanda má ekki fara yfir 10% af eignum fjárfestingarsjóðs.

Ákvæði 35. gr. gilda ekki um fjárfestingarsjóði. Um hámark fjárfestingar fjárfestingarsjóða í framseljanlegum verðbréfum og innlánnum sama útgefanda gilda eftirfarandi reglur:

1. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að:

a. binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda, enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í verðbréfum eins útgefanda,

b. binda allt að 30% af eignum sjóðs í innlánnum sama fjármálafyrirtækis,

c. binda allt að 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið telur gilt,

d. binda allt að 35% í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og afleiðum útgefnum af sama útgefanda en þá er einungis heimilt að fjárfesta yfir 20% í bréfum frá einum útgefanda. Þá er fjárfestingarsjóði heimilt að binda allt að 30% af eignum sjóðs í innlánnum sama fjármálafyrirtækis. Samanlögð fjárfesting fjárfestingarsjóðs í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, afleiðum og innlánnum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40%,

e. binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum fjárfestingarsjóðs.

2. Ekki er heimilt að leggja saman takmarkanir er koma fram í a- og d-lið 1. tölul.

3. Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari málsgrein.

4. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstrarfélaginu eða móðurfélagi þess, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins.

5. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af öðrum tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins.

6. Traust verðbréf skv. 38. gr. eru undanþegin ákvæðum 4. og 5. tölul.

7. Um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

Ákvæði 2. mgr. 39. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta án takmarkana í fjárfestingarsjóðum. Fjárfesting í sama fjárfestingarsjóði má ekki fara yfir 20% af eignum fjárfestingarsjóðs.

Fjárfestingarsjóðum er heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs.

Ákvæði 42. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem fjárfestingarsjóður hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meiru en 20% af endurmetnu innra virði sjóðsins. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.”

Viðauki IV: Yfirlit yfir sjóði

Yfirlit yfir helstu sjóði sem Stefnir hf. rekur við útgáfu þessarar útboðslýsingar.

Heiti / eignaflokkur	Kennitala	Tegund
Íslensk skuldabréf		
Stefnir - Ríkisvíxlasjóður	420209-9910	Verðbréfasjóður
Stefnir - Ríkisskuldabréf verðtryggð	671009-9910	Verðbréfasjóður
Stefnir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður	630109-9810	Verðbréfasjóður
Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður stuttur	531210-9800	Verðbréfasjóður
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur	650398-9129	Verðbréfasjóður
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur	490499-9039	Verðbréfasjóður
Stefnir - Skuldabréf Stutt	500306-9630	Fjárfestingarsjóður
Stefnir – Lausafjársgjóður	520412-9640	Fjárfestingarsjóður
Blandaðir sjóðir		
Stefnir - Eignastýringarsjóður	650398-9049	Fjárfestingarsjóður
Stefnir - Samval	561204-9180	Fjárfestingarsjóður
Stefnir - Verðbréfavall 1	511005-9220	Fjárfestingarsjóður
Stefnir - Verðbréfavall 2	511005-9140	Fjárfestingarsjóður
Eignavall A	511005-8920	Fjárfestingarsjóður
Eignavall B	511005-8840	Fjárfestingarsjóður
Eignavall C	511005-9060	Fjárfestingarsjóður
Íslensk hlutabréf		
Stefnir ÍS-15	470206-8450	Fjárfestingarsjóður
Alþjóðleg hlutabréf		
Stefnir - Erlend hlutabréf – ISK deild	421104-9050	Verðbréfasjóður
Stefnir - Erlend hlutabréf – EUR deild	421104-9050	Verðbréfasjóður
Stefnir - Scandinavian Fund	430407-9880	Verðbréfasjóður
Fagfjárfestasjóðir		
Stefnir ÍS-5	4304079610	Fagfjárfestasjóður
LFEST1 Borgartún	6105109810	Fagfjárfestasjóður
Stefnir Íslenski athafnasjóðurinn	640210-9900	Fagfjárfestasjóður
Stefnir Multi Strategy Fund	621104-9340	Fagfjárfestasjóður
OFAN SVÍV	461211-9760	Fagfjárfestasjóður
OFAN VÍ	461211-9840	Fagfjárfestasjóður